

Alþingi
Erindi nr. Þ 126/715
komudagur 7.12.2000

Sigrun Brynja Einarsdóttir

From: Stjrlvr: Helga Halldorsdóttir [helga.halldorsdottir@ivr.stjr.is]
Sent: 6. desember 2000 14:52
To: sbe
Cc: Stjrlvr: Tryggvi Axelsson
Subject: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 121/1994, um neytendalán.

----- Forwarded by Helga Halldórsdóttir/IVR/NotesSTJR
on 06.12.2000 14:51 -----

Iónaðar- og viðskiptaráðuneyti
Minnisblað
Viðtakandi: Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
Sendandi: Tryggvi Axelsson
Dagsetning: 06.12.2000
Málsnúmer: IVR00090029
Bréfalykill: 42.090

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 121/1994, um neytendalán.

Texti:

Í samræmi við beiðni efnahags) og viðskiptanefndar hefur ráðuneytið tekið saman minnisblað þetta um nánari tillögur að breytingum og lagfæringum á frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 121/1994, um neytendalán, sbr. 90. mál, á þskj. nr. 90.

1. Fella út tilvísun til númers laga nr. 123/1993. Í stað orðanna 6sbr. lög nr. 19/1989 8 í d-lið komi þ.a.l. 6lög um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði 8.
2. F-liður laganna falli brott.
3. 3. gr. laganna orðist svo:
Í samningi um yfirdráttarheimild af tékkareikningi svo og sambærilegum lánessamningi með breytilegum höfuðstól skulu neytanda í upphafi slíkra viðskipta veittar upplýsingar um:
a. Hvaða takmörk eru á lánsupphæðinni sé um slíkt að ræða.
b. Hverjir vextir eru og hvaða gjöld falli á lánið frá þeim tíma er gengið er frá samningnum, svo og við hvaða skilyrði megi breyta þeim.
c. Með hvaða hætti samningi skuli sagt upp.
d. Hvort breytingar geti orðið á vöxtum eða umsömdum gjöldum á samningstímanum. Í þeim tilvikum skal neytandi upplýstur um það með hvaða hætti breytingar veða tilkynntar honum. Slíkt má gera með því að vekja sérstaklega athygli á breytingunum í reikningsyfirliti, með auglýsingum í fjölmiðlum eða á annan sambærilegan hátt.
e. Árlega hlutafallstölu kostnaðar, sbr.10.) 12. gr. við mismunandi notkun á heimildinni. Þrátt fyrir ákvæði 5. gr. er heimilt að munnlegri beiðni neytanda að breyta yfirdráttarheimild á tékkareikningi.

Heimilt er að kveða nánar á um framkvæmd upplýsingaskyldu samkvæmt þessari grein í reglugerð sem ráðherra setur, sbr. 13. gr.

4. Fella út númer í tilvísun til laga nr. 2/1993, sbr. 3. gr. frumvarpsins.

Athugasemdir

Í samræmi við beiðni formanns efnahags) og viðskiptanefndar er í 1. tl. og 4. tl. lagt til að heiti laganna verði tilgreind en ekki númer þeirra þannig að ekki þurfi að gera lagabreytingu ef númer laga breytist.

Í 2. tl. er í samræmi við umræður í efnahags) og viðskiptanefnd lagt til að fasteignaveðlán verði að öllu leyti felld undir ákvæði laganna. Ráðuneytið hefur kynnt þetta munnlega fyrir lánasviði íbúðalánasjóðs og hefur því ekki borist nein athugasemd vegna þessarar breytingar.

Í frumvarpinu eins og það var lagt fram á Alþingi er gert ráð fyrir því að upplýsingaskyldan samkvæmt lögnum nái framvegis einnig til lánssamninga sem fela í sér yfirdráttarheimild á tékkareikningi og annarra sambærilegra lána þar sem höfðuðstóll lánsins kann að vera breytilegur á hverjum tíma. Mikilvægt er að neytendur fái einnig upplýsingar um skilmála lánssamningsins þegar svo hagar til og þann kostnað sem fylgir slíkum lánum, sbr. a.- d. liðir. Í e-lið er tekið fram að einnig skuli veittar upplýsingar um árlega hlutfallstölu kostnaðar þannig að neytandi fái með þeim hætti og í einni tölu upplýsingar um lántökukostnað vegna lánsins.

Yfirleitt stofna neytendur fyrst til tékkareikninga hjá lánastofnunum og fá síðar samkvæmt sérstökum samningi heimild til yfirdráttar á reikninginn óski þeir eftir því og lánastofnun samþykkir slíka lánveitingu. Í 3. gr. er því svo sem verið hefur gert ráð fyrir að við stofnun til slíkra lánsviðskipta fái viðskiptamenn upplýsingar um helstu skilmála sem varða yfirdráttarheimildina. Auk þess er hér nú lagt til að viðskiptamönnum séu veittar upplýsingar um árlega hlutfallstölu kostnaðar við mismunandi notkun á heimildinni. Ljóst er að talan kann að vera mismunandi til dæmis eftir því hvernig heimildin er notuð þ.e. hvort um er að ræða eina færslu eða margar, hvort heimildin er fullnýtt eða ekki, o.s.frv.

Gert er ráð fyrir því að í reglugerð sem sett verður á grundvelli laganna, sbr. tillögu sem í frumvarpinu er að finna á 13. gr. laganna, verði unnt að kveða nánar á um með hvaða hætti lánastofnanir skulu setja fram ákveðin stöðluð dæmi þannig að neytendur geti borið saman kjör þeirra að þessu leyti, sbr. 2. mgr. 3. gr. Í Danmörku hefur t.d. verið farin sú leið að lánastofnunum er gert að hafa aðgengilegar upplýsingar um árlega hlutfallstölu kostnaðar á yfirdráttarlánum miðað við nokkur stöðluð dæmi. Í dæmunum skal taka fram hver talan er ef heimildin er notuð að fullu, að hálfu leyti eða einum fjórða. Í reglugerð sem sett yrði á grundvelli laganna, sbr. 13. gr. væri kveðið nánar á um útfærslu og framkvæmd þessarar upplýsingagjafar, sbr. lokamálgrein í tillögunni að nýrri 3. gr. Mikilvægt er að þar reglur séu þannig úr garði gerðar að þær íþyngi ekki um of lánstofnun eða neytendum. Æskilegt er að kostnaði sé haldið í lágmarki og neytendum veitt val hvort þeir vilji fá sérstakar upplýsingar sendar t.d. með venjulegum pósti með þeim kostnaði sem því fylgir eða hvort þeir kjósi að upplýsingarnar verði veittar með öðrum hætti, t.d. með miðlun upplýsinga um nettengingu, o.s.frv. Auk þess má nefna að fyrirtæki hafa selt t.d. greiðslukortafyrirtækjunum sérstakan hugbúnað, sem þau dreifa til verslana sem taka við greiðslukortum. Í heimabönkum er einnig algengt að aðgangur sé að slíkum reiknitækjum fyrir neytendur og aðra viðskiptamenn bankanna. Hugbúnaðurinn gerir seljendum og neytendum kleift með auðveldum hætti að reikna út árlega hlutfallstölu kostnaðar í hverju tilviki fyrir sig.

Í 5. gr. laganna er gert ráð fyrir lánssamningar skuli gerðir skriflega. Í framkvæmd tíðkast þó yfirleitt að samningar um hækkun og lækkun yfirdráttarheimilda séu gjarnan gerðir munnlega milli neytenda og lánastofnana. Markmið með þeim breytingum sem gerðar eru á lögnum er ekki að skerða þá þjónustu sem lánastofnanir veita að þessu leyti og því lagt til að það sé ekki gildisskilyrði fyrir breytingum á lánsfjárhæð yfirdráttarlána að þau beri að gera skriflega. Rétt þykir því að taka þetta sérstaklega fram í e-lið 3. gr.

Að öðru leyti þarfnast framangreindar tillögur ekki frekari skýringa.